

BORGARRÁÐ 7. janúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að útsvar borgarinnar nýtist betur í þjónustu við borgarbúa - R21010123

Flokkur fólksins í borgarstjórn leggur til að núverandi meirihluti endurskoði áherslur sína í ljósi þess að stór hluti útsvars fer í eitthvað allt annað en beina þjónustu við borgarbúa. Útsvar Reykjavíkurborgar er eins hátt og lög leyfa. Engu að síður er þjónusta við borgarbúa víða ábótavant. Við búum í samfélagi þar sem samneysla er grunnurinn. Við borgum útsvar til að halda uppi grunnþjónustu, lögbundinni þjónustu og annarri sem við teljum nauðsynlega til að allir geti lifað mannsæmandi lífi. Skóla- og velferðarþjónusta er stærsti þátturinn í þjónustu borgarinnar enda útilokað að lifa áhyggjulausu lífi ef grunnþættir velferðar og menntunar eru ekki til staðar. Jafnvel þó útsvar sé í hæstu hæðum þá eru skuldir borgarinnar það líka. Á sama tíma bíða um 800 börn eftir þjónustu fagfólks skóla, helmingur þeirra eftir fyrstu þjónustu. Viðhaldi skólabygginga er ábótavant. Umræða um heilsuspillandi skemmdir í Fossvogsskóla er reglubundin og verður æ áleitnari. Fram að Covid mátti víða sjá bruðl og sóun á almannafé í algeran óþarfa t.d. ferðir erlendis, borgarstjóri, hans fylgdarsveinn og sægur embættismanna og kostaði þetta tugi milljóna króna. Háar upphæðir fóru í alls konar önnur verkefni sem margir hafa kallað gæluverkefni. Á meðan bíða hundruð barna eftir nauðsynlegri þjónustu sem borgin á að veita!